

Reglur um niðurgreiðslu á daggæslu í heimahúsum

Gildistími frá 1. desember 2020

1. Foreldrar sem eiga lögheimili í Akureyrarbæ og vista börn sín hjá dagforeldrum sem hafa staðfest leyfi til daggæslu frá sveitarfélaginu, geta sótt um niðurgreiðslu á daggæslugjöldum.
2. Við upphaf daggæslu er gerður þríhliða þjónustusamningur milli dagforeldra, Akureyrarbæjar og foreldra, sjá þjónustusamning fylgiskjal 1. Þjónustusamningurinn er fylltur út og undirritaður hjá dagforeldrum. Í honum felst að sett er hámarksgjald fyrir daggæsluna og inniheldur hámarksgjald greiðslur fyrir gæslu, viðhalds-, og leikfangakostnað. Með undirritun þjónustusamnings eru foreldrar að sækja um ákveðna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum. Upphæð niðurgreiðslunnar er ákveðin af bæjarstjórn að fenginni tillögu fræðsluráðs og tekur hún mið af fjárhagsáætlun hverju sinni. Niðurgreiðsla tekur mið af lengd vistunartíma sem foreldrar kaupa í daggæslu, að hámarki 8 tíma daglega. Hámarksgjald daggæslugjalds er kjarasamningsbundið og tekur sömu breytingum og laun ófaglærðra starfsmanna í leikskólum, sem vinna samkvæmt launataxta Einingar – Iðju, L.fl. 121 grunnaun. Dagforeldrum er heimilt að taka lægra gjald en hámarksgjald kveður á um. Uppsögn á samningi skal vera skrifleg. Ekki þarf að segja upp þjónustusamningi vegna breytinga á upphæð niðurgreiðslu bæjarins.
3. Niðurgreiðslan tekur mið af þeim tíma sem foreldrar greiða fyrir þjónustuna. Niðurgreiðslan nær ekki til þess tíma sem dagforeldri er fjarverandi vegna veikinda umfram 10 daga á ári (almanaksári) eða af öðrum ástæðum. Foreldrar staðfesta forföll dagforeldra og/eða umsamin dvalartíma með undirskrift sinni á “yfirliti yfir skráð börn í gæslu” sem dagforeldrar skila til fræðsluviðs fyrir 25. dag hvers mánaðar. Mánaðarleg skil þessa lista ásamt þríhliða þjónustusamningi er forsenda þess að niðurgreiðsla sé veitt. Nöfn allra barna í daggæslunni og undirskrift allra foreldra, skulu koma fram á listanum, líka þeirra sem ekki njóta niðurgreiðslu.
4. Endurnýja þarf þjónustusamning ef skipt er um dagforeldri, ef hjúskaparstaða foreldra breytist, ef foreldrar fara í nám samkvæmt 7. gr., við námslok eða ef gæslutími breytist. Einnig þarf að endurnýja samninginn ef staða foreldra á vinnumarkaði breytist, þ.e. þeir verða atvinnulausir eða fara á 75% örorku.
5. Daggæslugjöld eru greidd niður í allt að 11 mánuði á ári. Ekki er niðurgreitt fyrir börn af leikskólum sem dvelja í daggæslu yfir sumartímann.
6. Fjölskylduafsláttur er samtengdur milli daggæslu, leikskóla og/eða frístundar. Til að njóta fjölskylduafsláttar þurfa börnin að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili.
 - ✓ Greitt er fullt gjald fyrir yngsta barn
 - ✓ Annað barn 50% afsláttur
 - ✓ Þriðja barn 100% afsláttur

Í þeim tilvikum sem forráðamenn eru með tvö eða fleiri börn hjá dagforeldri, hækkar niðurgreiðsla á gjaldi foreldra sem þessu nemur. Ekki er gefinn afsláttur af fæði eða tímum fram yfir 8 tíma.
7. Niðurgreitt er með eftirfarandi hætti fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 6 ára, þó eigi lengur en fram að þeim tíma er barn hefur grunnskólagöngu. Einstæðir foreldrar eiga rétt á niðurgreiðslu frá 6 mánaða aldri barns. Foreldrar í sambúð eiga rétt á niðurgreiðslu frá 10 mánaða aldri barns.* Niðurgreiðsla hefst daginn sem barnið nær niðurgreiðslualdri. Hér neðar eru tilgreindar aðstæður foreldra sem gefa rétt á hærri niðurgreiðslu:

- ✓ Foreldri er einstætt
- ✓ Foreldrar eru báðir í fullu námi sem varir í eitt ár eða lengur, foreldrar eru báðir skráðir atvinnulausir að fullu eða 75% öryrkjar, annað foreldri í námi og hitt atvinnulaust eða 75% öryrki.
 - ✓ Foreldrar þurfa að sýna fram á skólagöngu sína með skólavottorðum í byrjun hverrar annar. Foreldrar sem slíta samvist eða skilja á daggæslutímanum og óska eftir hærri niðurgreiðslu, skulu sýna fram á slit hjúskapar eða sambúðar með vottorði frá Sýslumanni. Foreldrar sem eru atvinnulausir verða að skila vottorði frá Vinnumálastofnun um hver mánaðamót. Foreldrar sem eru öryrkjar verða að skila inn vottorði frá Tryggingarstofnun Ríkisins. Vottorðum er skilað til skrifstofu fræðsluviðs.
 - ✓ Gera þarf nýjan þjónustusamning vegna breytinga á ofangreindum aðstæðum foreldra.
- ✓ Fyrir börn sem vegna fötlunar sinnar þurfa sérstaka umönnun og taka því meira en eitt pláss í daggæslu er niðurgreitt samkvæmt reglum þessum, ásamt því að greitt er fyrir það pláss sem ekki nýtist. Tímalengd sem greidd er vegna sérstakrar umönnunar er metin af starfsmönnum fræðsluviðs og fjölskyldusviðs Akureyrarbæjar
- ✓ Dagforeldrar fá niðurgreitt með eigin börnum samkvæmt reglum þessum, að hámarki 8 tíma daglega, virka daga. Niðurgreiðslu skal miða við dvalartíma annarra barna í daggæslunni. Ef börn dagforeldra eru í leikskóla dregst dvalartíminn þar frá.

8. Að hausti 2019 ákvað bæjarstjórn Akureyrarbæjar að jafna kostnað foreldra sem nýta þjónustu dagforeldra til jafns við þá foreldra sem nýta þjónustu leikskóla. Þessi aukna niðurgreiðsla kemur til framkvæmda um mánaðarmótin eftir að barn hjá dagforeldri nær innritunardri í leikskóla. Upphæð niðurgreiðslu tekur breytingum samhliða gjaldskrá dagforeldra. Framkvæmd aukinnar niðurgreiðslu er með þeim hætti að upphæðin er greidd til dagforeldris sem lækkar hlut forráðamanna um sömu upphæð.

9. Verði dagforeldrar og foreldrar uppvísir að rangfærslum við tímaskráningu barna vegna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum verður dagforeldri svipt leyfi til daggæslu með mánaðar fyrirvara og niðurgreiðslur til viðkomandi foreldra falla niður.

**Sjá lög um fæðingarorlof Lög um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs) <https://www.althingi.is/altext/150/s/0829.html>*

Uppfært í janúar 2016 með tilliti til breytinga á fjölskylduafslætti og breytinga á launatöflu sem dagforeldrar fylgja. Uppfært í mars 2017 eftir stjórnisýslubreytingar hjá Akureyrarkaupstað.

Uppfært í janúar 2020 með tilliti til breytinga vegna frumvarps um fæðingarorlof og auknar niðurgreiðslur til foreldra.